

Sb.

259. Tillaga til þingsályktunar

[158. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á félagsmálaráðherra að beita sér fyrir samningum á milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu um, að Glerárþorp verði sameinað Akureyrarkaupstað, og leggja síðan frv. um sameininguna fyrir næsta Alþingi, ef samningar hafa þá tekizt.

Greinargerð.

Glerárþorp er að legu til greinilega úthverfi Akureyrar, enda halda flestir ókunnugir, sem til bæjarins koma, að þorpið tilheyri kaupstaðnum. Akureyrarkaupstaður á landið, sem þorpið stendur á, og ber a. m. k. siðferðislega ábyrgð á, að það hefur vaxið þarna upp. Afkoma flestra þorpsbúa byggist og á atvinnu á Akureyri eða við atvinnufyrirtæki, sem Akureyrarkaupstaður rekur í nágrenni þess (í Krossanesi). Flestir, bæði í bæ og þorpi, munu vera sammála um það, að þorpið eigi og hljóti að sameinast kaupstaðnum í framtíðinni, þó að sumir hafi ekki talið það tímabært enn þá. Samningatilraunir um sameiningu hafa farið fram, en ekki borið árangur enn þá, og mun það að mestu stafa af ágreiningi um ýmis aukaatriði. Telja má, að sameiningin sé sameiginlegt hagsmunamál þorpsins og kaupstaðarins, þótt samningar um hana hafi ekki tekizt enn þá. Eins og kunnugt er, greiðir það oft fyrir samningum, að hlutlaus aðila beiti sér fyrir þeim sem sáttasemjari. Er eðlilegt, að félagsmálaráðuneytið taki að sér slíkt hlutverk í þessu efni.